

COVID-19-göngudeildin: Íslenskt hugvit

COVID-19-göngudeildin sýnir áhrifamátt þess að vinna saman þvert á fagstéttir. Deildin á sér ekki erlenda fyrirmynd en hefur að mati læknanna Daða Helgasonar og Ragnars Freys Ingvarssonar afstýrt fjölmörgum innlöngnum á spítalann í þessum heimsfaraldri. Afrek í sögu íslenskrar heilbrigðisþjónustu?

■ ■ ■ Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir

„Jú, göngudeildin er afrek,“ segir Daði Helgason, sérfræðilæknir á COVID-19-göngudeildinni, sem sett var upp á örfáum dögum í Birkiborg, húsi á lóð Landspítala Fossvogi. Hún var opnuð þann 24. mars og er því komin reynsla á starfseminu. Ragnar Freyr Ingvarsson, yfirlæknir á deildinni, segir hana af-rakstur þess þegar umhyggja og upplýs-ingatekni mætast.

„Umhyggja er kjarninn í því sem við gerum og með öflug verkfæri í hendi er hægt að ná ótrúlegum árangri.“ Ragnar Freyr segir starfseminu hafa breyst mikið á um einum mánuði. Hann hefur áður gagnrýnt starfsaðstæður á spítalanum, þá sérstaklega neyðarástandið á bráðamót-tökunni.

„Ég geri mér alveg grein fyrir því að þessi faraldur er skelfilegt tjón fyrir sam-félagið allt, en inni á spítalanum hefur átt sér stað ótrúleg gróska, alveg frá gólfi til æðstu stjórnenda,“ segir hann. „Það var hlustað. Stjórnendur hlustuðu á fagmenn og stjórnvöld hlustuðu á sérfræðinga. Við það virðast góðir hlutir gerast. Það eru skilaboðin sem við tökum frá þessu verk-efni,“ segir hann.

„Hér hafa verið leystar úr læðingi ótrúlegar hugmyndir. Samvinnuverkefni, nýsköpun, rannsóknartækifæri. Það hafa orðið til tengsl á milli fólks sem að öllu jöfnu hefði aldrei starfað saman. Aldrei rætt saman nema kannski í lyftunni á milli hæða,“ segir Ragnar Freyr.

„Nú sjáum við styrkinn í öðru fólki. Maður getur komið með eitthvað til þeirra og það gefið á móti. Það hefur sáð hug-myndum um hvernig við munum vinna

saman í næstu verkefnum og komandi áskorunum að faraldri loknum.“

Geðheilsan lykilatriði

Daði segir að í upphafi hafi göngudeildin verið skipulögð af læknum á lyflækn-ingasviði. „En nánast frá byrjum komu sérnámslæknar frá öðrum sviðum að verkefninu, skurðsviði, kvennadeildinni, augndeildinni og geðdeildinni.“ Far-sóttarnefnd ýtti fyrstu drögum að hug-myndinni úr vör og hún óx í samvinnu þvert á deildir. Ragnar Freyr segir að strax á fyrstu dögum hafi starfsmenn geð-deildar stigið fram og boðið þekkingu sína að fyrri bragði.

„Við sáum fyrstu dagana að staðan var ansi dökk,“ segir hann. „Þeir buðu stuðning við þá sem glíma við geðræn vanda-mál vegna faraldursins.“ Það hafi beint kastljósinu að geðheilsu sjúklinganna. Með því að gefa henni sérstakan gaum hafi innlöngnum verið afstýrt.

„Síðan göngudeildin tók til starfa hef-ur sjúklingum með COVID-19 fækkað drastískt á bráðamóttökunni,“ segir Ragnar Freyr.

Daði segir smitaða áhyggjufulla. „Fólk horfir á fréttirnar og sér hve margir deyja af völdum veirunnar. Sjúklingarnir eru því eðlilega stressaðir,“ segir hann.

„Fyrst vorum við að einblína á líkamleg einkenni og velta fyrir okkur hver þyrfti að koma inn á spítalann. Við heyrðum mjög fljótt að það þyrfti að huga að geð-heilsu. Við höfum heyrt hjá fólki hve gott er að heyra í hjúkrunarfræðingi daglega til að halda geðheilsunni þokkalegri.“





Ragnar og Daði á fjarfundum frá húsnæði COVID-19-göngu-deildarinnar á Landspítala. Nálgun Landspítala í faraldrinum er byggð á íslensku hugviti og samvinnu. Læknarnir telja deildina hafa afstýrt fjölda innlagna fólks með kórónuveiruna á Landspítalann. Mynd/Porkell Þorkelsson.

Ragnar Freyr segir að einn helsti kostur þessarar göngudeildar sé hve auðvelt er að skala hana upp og niður. „Bæði var hún þanin mjög hratt út og hægt er að draga úr starfsemi hennar eftir þörfum. En að sama skapi er hægt að endurræsa hana aftur ef þurfa þykir,“ segir hann.

Daði bætir við að það væri einnig hægt að gera í breytttri mynd, eftir þörfum og verkefnum. Göngudeildina megi nýta til annarra verka eftir faraldurinn. „Við erum sannfærð um að þegar heildarmyndin er skoðuð, höfum við sparað spítalanum margar innlagnir með því að bjóða upp á þessa þjónustu, og þar með fé.“

Deildin eigi sér ekki erlenda fyrirmynd svo vitað sé. Hún sé einstök. „Ráðherra sagði í viðtali í Kastljósinu að smæð landsins hjálpaði til. En við erum samt með um 1800 sjúklinga. Við höfum sinnt þeim persónulega. Ég veit ekki til þess að önnur þjóð hafi stundað símaþvöktun á þennan máta,“ segir Ragnar.

Þegar Daði er spurður hvað hafi komið honum mest á óvart svarar hann að það hafi verið hve allt gekk snurðulaust fyrir sig. „Ég hef ekki mikla reynslu af skipulagi og stjórnendahlutverki en á flókinni stofnun eins og Landspítala er ákveðin tregða og skriffræði sem getur tafið málin en núna hefur allt gengið smurt. Þessi samstarfsvilji og jákvæðni hefur komið á óvart.“

Tækifæri til breyttra vinnubragða

Ragnar Freyr nefnir að máttur umhyggjunnar hafi komið sér á óvart. „Umhyggja. Að stíga skrefinu lengra er manni auðvelt, taka eitt aukaskref og veita fólki umhyggju og stuðning.“ Það hafi gert meiri gæfumun en hann hafi áður upplifað.

„Við þurfum að taka umhyggjuna með okkur inn í önnur verkefni. Það að annast um fólk og láta velferð þess skipta sig máli er meðferð í sjálfu sér.“

Ragnar Freyr segir að í þessum faraldri hafi lausnin á vanda spítalans kristallast:

að hlusta á sérfræðingana. Það mættu stjórnálamenn læra af faraldrinum „Ég er að tala um í víðara samhengi. Ef við sem höfum sérmenntað okkur í því að meðhöndla sjúklinga, vinna með öðrum heilbrigðisstarfsmönnum og reka heilbrigðisþjónustu erum spurð, þá virðast hlutirnir fara vel.“

Hefur það ekki verið gert? „Það mætti augljóslega vera meira af því,“ svarar hann.

Þeir telja báðir að faraldurinn auki þekkingu og reynslu þeirra sem að koma. Daði hefur unnið á spítalanum frá kandiðatsári 2015. „Reynslan er góð fyrir mig. Sérstaklega að fá tækifæri til að þróa svona verkefni og taka þátt í að skipuleggja. Ég hef lært heilmikið,“ segir hann.

Ragnar segir að sést hafi á þessu verkefni hve samvinnu margra þurfi svo allt gangi upp.

„Rafvirkjar, píparar, smiðir. Tölvunarfræðingar, hjúkrunarfræðingar, sérhæft starfsfólk, læknar, framkvæmdastjórar, stjórnendur. Maður verður orðlaus yfir því að sjá alla þá sem starfa innan spítalans ganga í takt,“ segir hann. Rafræn sjúkraskrá, Heilsugátt, hafi verið einn þeirra þátta sem gaf þeim tækifæri til að vera skrefi á undan.

Daði tekur undir að þau sem standi að Heilsugáttinni á spítalanum hafi sinnt lykilhlutverki. „Við höfum daglega búið til lausnir með þeim. Viðbrögðin hafa verið frábær. Við reukum okkur á eitthvað sem mætti fara betur og lausnin er komin á stuttum tíma,“ segir hann. „Það er margt sem við munum taka frá þessum faraldri. Ýmsar lausnir í skráningu gagna og gagnauðvinnslu.“

Þeir eru þakklátir fyrir að hafa fengið tækifæri til að vera með í verkefnum. Ragnar segir einfaldlega róandi að fá að vera partur af lausninni.

„Það hefur veitt mér ró að vita af öllu aflinu sem er hér til að leysa vandann. Ég sef vel, steinsef og mig dreymir vel.“